



Læsisstefna

Markmið Ásgarðs er að allir nemendur öðlist hæfni til að lesa sér til gagns á leshraða sem hentar þeirra lestrarlagi. Í Ásgarði er tekið tillit til mismunandi lestrarfærni nemenda og kennarar leita í samstarfi við nemanda hentugra leiða ef í ljós koma lestrar- eða ritunarerfiðleikar. Markmið skólans er að allir nemendur sýni framfarir í lesfimi og lesskilningi.

Læsi er samþætt öllu námi í Ásgarði og miðast við alla miðla. Allir kennarar Ásgarðs sinna læsi. Í þemalotum eru lagðar sérstakar áherslur á ákveðna þætti tungumálsins hverju sinni. Lestur, talað mál, hlustun, áhorf og tjáning eru stöðugt áhersluatriði í námsskipulagi Ásgarðs. Kynning nemenda á verkefnum tryggir að nemendur deili þekkingu sinni á fjölbreyttan hátt og nýti til þess mismunandi leiðir og miðla.

Rannsóknir á hugtökum

Orðaforði og hugtakanotkun tengist þemaverkefnum og fléttast í ríkum mæli saman við ólíkar námsgreinar. Lögð er áhersla á að nemendur rannsaki ný hugtök, skilgreini þau og noti í verkefnavinnu sinni, umræðum og miðlun.

Mismunandi textar - lesskilningur

Nemendur fást við mismunandi texta og læra með tilstyrk þeirrar tækni sem er í boði nú á dögum. Meðal annars lesa þeir, vinna úr og túlka ýmiss konar fræðitexta, lög og reglugerðir, tæknitexta, óformlega texta, fréttir, ævisögur, bókmenntir af ýmsu tagi og ljóð. Nemendum er liðsinnt við að spyrja spurninga sem þeim finnast mikilvægar og leita svara við þeim. Við úrvinnslu upplýsinga hvort sem það er texti eða aðrir miðlar er lögð áhersla á að nemendur séu virkir skapendur þekkingar. Nemendum er leiðbeint um ýmsar skilningsaðferðir í þeim tilgangi að þeir tengi fyrri þekkingu sína við texta, endurskapi textann með sínum hætti og túlki efnið. Mikil áhersla er lögð á að nemendur kafi djúpt í viðfangsefni og skapi sér þekkingu með því að finna tengsl margvíslegra þátta og leita svara við opnum spurningum, stórum sem smáum sem þeir sjálfir móta.

Ritun - stafsetning og málfræði

Með leiðardagbókarskrifum móta nemendur hugsun sína í rituðu máli og bæta málfræði og stafsetningu. Frekari úrvinnsla texta á sér sífellt stað sem og umræður um viðfangsefni í þematengdu námi. Áhersla er lögð á að nemendur móti mismunandi textaskrif og velti fyrir sér tilgangi ritunar hverju sinni. Nemendur fá leiðsögn við að bæta texta, endurskrifa og



koma honum á framfæri við aðra. Nemendum er fyrst og fremst leiðbeint um stafsetningu og málfræði í gegnum eigin ritunarverkefni.

Hlustun og áhorf

Í Ásgarði er lögð áhersla á að nemendur læri í gegnum samræður og þeir fá leiðsögn um að beita virkri hlustun í samræðum allra námsgreina. Gert er ráð fyrir að nemendur veiti samnemendum ávallt viðbrögð og undirbúi sig fyrir þátttöku í kynningum á verkefnum skólafélaga. Jákvæð samskipti eru alltaf í hávegum höfð og styðjandi skólamenning er kjarninn í því að nemendur læri saman og af hverjir öðrum.

Fylgst með framförum

Leiðsagnarmat. Sjálfsmat. Gátlistar. Lesferilspróf MMS.

Lestækni og lesfimi eru mikilvæg í lestri. Brugðist er skjótt og markvisst við lestrarerfiðleikum nemenda, gerðar áætlanir um úrbætur í samstarfi við nemendur og foreldra og unnið samkvæmt þeim.